



Borgarráð

Hraunbær 133, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að eftir að borgarráð samþykki að úthluta Fasteignapróunarfélaginu Spildu ehf., kt, 511017-0410, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, um 6.464 fermetra íbúðarhúsalóð við Hraunbæ 133 og selja byggingarrétt að 6.160 fermetrum ofanjarðar fyrir 403.350.000 kr. Verð lóðarinnar ákvarðast skv. niðurstöðu útboðs sem lauk 10. apríl 2019. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um 101.051.609 kr. í gatnagerðargjöld. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar eða lækkunar við álagningu þeirra við innlögn byggingarnefndateikninga.

Greiðslufrestur er 45 dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Félagsbústaðir kt. 510497-2799, Hallveigarstíg 1, eiga kauprétt á 6 íbúðum. Í úthlutunar- og útboðsskilmálum er að finna ítarleg ákvæði um stærðir, verð, beitingu kaupréttar o.fl.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Tengigjöld fráveitu og önnur heimlagnagjöld innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Að öðru leyti gilda um lóðina úthlutunar- og útboðsskilmálar fyrir sölu byggingarréttar á lóðunum Hraunbær 133 og 143 í Reykjavík, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulyisingar/2015uthlutunarskilmalar_almennir_loda-og_framkvaemdaskilmalar_02072015-1.pdf, og deiliskipulag fyrir Bæjarháls-Hraunbæ, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 21. september 2018, með breytingu sem auglýst var þann 17. desember 2018.

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Óli Jón Hertervig

Árið 2019 miðvikudaginn 10. apríl kl. 14:15 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar "Hraunbær 133 - Fjölbýlishúsalóð". Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.
Fundi stjórnaði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

219030012
1643

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn tilboði:

1	Reir ehf.	kr.	291.500.000
2	Jinga ehf.	kr.	332.100.000
3	Modis ehf.	kr.	381.100.000
4	Dverghamrar ehf.	kr.	261.000.000
5	Húsvirki	kr.	195.100.000
6	Landris ehf.	kr.	286.500.000
7	Fasteignapróunarfélagið Spilda ehf.	kr.	403.350.000
8	Modulbyggingar ehf.	kr.	311.000.000
9	Brimgarðar ehf.	kr.	161.311.755
10	Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.	kr.	82.000.000

Fleiri tilboð bárust ekki.

Fundi slitið kl. 14:38

Guðbjörg Eggertsdóttir

Einar Gunnarsson

Lilja Einvald